

GJALDSKRÁ

vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 11.500 kr. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 viðmiðunargjald	260.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	63.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	52.500 kr.

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

<i>Nýtt deiliskipulag</i>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	260.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	52.500 kr.
<i>Verulegar breytingar á deiliskipulagi</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	160.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	52.500 kr.
<i>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2 mgr. 43. gr.	110.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	52.500 kr.

5. gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar.

Grenndarkynning	52.500 kr.
-----------------	------------

6. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald	52.500 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	110.000 kr.

Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	52.500 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	21.000 kr.

7. gr.
Gjalddagi.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

8. gr.
Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bærarstjórn Ísafjarðarbæjar 12. desember 2013.

Ísafirði, 20. desember 2013.

Daníel Jakobsson bærarstjóri.